

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hádegismóar 1-3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 6. mars 2015 breytingu á deiliskipulagi Hádegismóa vegna lóðanna nr. 1 og 3 við Hádegismóa. Í breytingunni felst sameining lóða og breytt uppbygging. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bleikargróf 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 20. mars 2015 breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 6 við Bleikargróf. Í breytingunni felst fjölgun íbúða og breyting á byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 12B og 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. mars 2015 breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.4 vegna lóðanna nr. 12B og 16 við Laugaveg. Í breytingunni felst aukning á nýtingarhlutfalli lóðanna nr. 12B og 16 við Laugaveg ásamt hækjun hússins á lóð 12B um eina hæð og endurbyggingu bakhúss. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Holtavegur 8-10/Vatnagarðar 38.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 26. mars 2015 breytingu á deiliskipulagi Holtavegar 8-10. Í breytingunni felst breyting á mörkum deiliskipulags og að nýta lóðina að Vatnagörðum 38 undir þjónustuhús og athafnasvæði fyrir bílaleigu. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 9. apríl 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2015